



Frelsið er að finna í fluginu!

Flugakademía Keilis býður upp á nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu, flugumferðarstjórn og flugumsjón. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur. Flugnemar Keilis njóta þess að fljúga nýjustu kennsluvélum landsins.

Einkaflugmannsnám

Nám í einkaflugi er fyrir þá sem vilja öðlast réttindi til að fljúga einshreyfils flugvél í flestum Evrópulöndum. Handhafar einkaflugmannsskírteina hafa kost á að fara í atvinnuflugmannsnám hjá Keili.

Námið er skemmtilegt og krefjandi og skipulagt þannig að hægt sé að stunda vinnu eða annað nám samhliða. Bóklegi hluti námsins er kenndur í fjarnámi með staðbundnum vinnulotum í höfuðstöðvum Flugakademiunnar hjá Keili að Ásbrú. Verklegi hluti námsins er kenndur hjá Keili á Keflavíkurflugvelli.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri. Námið er metið til allt að 20 eininga til stúdentsprófs hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þannig geta framúrskarandi nemendur lokið stúdentsprófi allt að heilli önn fyrr en venjulega.

Atvinnuflugmannsnám

Nám í atvinnuflugi er spennandi nám fyrir þá sem vilja öðlast réttindi til að stjórna farþegaflugvélum hvar sem er í heiminum. Námið tekur mið af námsskrá sem er gefin út af JAA/EASA samkvæmt samevrópskri útgáfu flugskírteina. Þeir sem ljúka atvinnuflugmannsnámi hjá Keili öðlast öll þau réttindi sem flugfélög krefjast við ráðningu flugmanna á nútíma farþegaþotur. Námið tekur ekki nema um 24 - 30 mánuði sem er töluvert minna en flest háskólanám.

Námið er skipulagt þannig að nemendur stjórna hraðanum sjálfir og geta því stundað vinnu eða annað nám samhliða, kjósi þeir að taka námið á lengri tíma. Bóklegi hlutinn er kenndur í fjarnámi með staðbundnum vinnulotum hjá Keili að Ásbrú. Verklegi hlutinn er kenndur hjá Keili á Keflavíkurflugvelli.

Umsækjendur skulu vera handhafar einkaflugmannsskírteinis og þurfa að búa yfir þekkingu á ensku, stærðfræði og eðlisfræði. Bóklegi hluti námsins er lánshæfur hjá LÍN. Íslandsbanki lánar fyrir verklega hluta námsins á sérstökum kjörum ætluð nemendum Keilis í flugtengdu námi.



Kennslufloti

Kennslufloti Keilis samanstendur af fullkomnustu flugvélum sem völ er á til grunnþjálfunar flugmanna á nútíma farþegaflugvél. Flugvélarnar eru búnar afar fullkomnum mælitækjum og eru ákaflega öruggar. Keilir hefur ávallt sett sér þær kröfur að nemendur hafi aðgang að fyrsta flokks búnaði til þjálfunar ásamt áhugasömum og reyndum kennurum.

Diamond flugvél Keilis eru búnar flugmælitækjum sem leyfa flug að nóttu sem degi. Hreyflar DA-40 og DA-42NG vélanna eru háþróaðir flugvélahreyflar sem ganga fyrir þotueldsneyti. Enn fremur eru DA-40 og DA-42NG vélarnar búnar háþróuðum tölvubúnaði sem skilar öllum flugupplýsingum rafrænt upp á tvo stóra skjái. Þetta kerfi sem er af gerðinni Garmin G1000 er mjög vinsælt í minni flugvélum í dag vegna notkunarmöguleika þess og það er fullkomnara en í mörgum farþegaflugvélum.

Flugmælitækin eru afar fullkomin og eru með fjölmörgum öryggisatriðum eins og stafrænni sjálfstýringu, líkt og nútíma farþegaflugvél. Flug frá Keflavík til Akureyrar tekur ekki nema rúma klukkustund.

Aðstaða

Hjá Keili er lögð áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennslu-umhverfi en staðsetning skólans felur í sér einstakt tækifæri til þess að skapa frábæra aðstöðu til kennslu. Nemendur Keilis hafa forgang að glæsilegum og rúmgóðum nemendaíbúðum á mjög hagstæðu leiguverði.

Flugvél Keilis



Diamond DA-20 C1 Eclipse

Tveggja sæta kennsluflugvél með 125 hestafla hreyfli sem eyðir um 22 lítrum af flugvélabensíni á klukkustund.

Mjög hagkvæm, einföld og hentug kennsluflugvél. Bandaríski flugherinn notar þessa tegund til að þjálfra sína herflugmenn í grunnflugnámi.

Einstök hönnun stjórnstækja og stjórnklefa þar sem áhersla er lögð á að maður og vél vinni vel saman.

Diamond DA-40 Star

Fjögurra sæta kennslu- og ferðaflugvél með 135 hestafla hreyfli sem eyðir um 20 lítrum af þotueldsneyti á klukkustund.

Einstaklega hagkvæm og umhverfisvæn flugvél, sem nýtist vel til ferðalaga jafnt sem flugkennslu. Vélin er búin fullkomnum blindflugsbúnaði, þar á meðal stórum tölvuskjám og nútíma flugmælitækjum.

Þessir hreyflar eyða 50% minna en hreyflar í sambærilegum fjögurra sæta flugvélum og mengun af þeim er örlítill í samanburði við eldri gerðir flugvélahreyfla. Hávaði er einnig minni en í sambærilegum flugvélum.



Flugvélar Keilis



Diamond DA-42NG Twin Star

Fjögurra sæta kennslu- og einkaflugvél með tvo 167 hestafla hreyfla sem eyða samtals um 45 lítrum af þotueldsneyti á klukkustund á 70% afli.

Eina kennsluvélin í þessum flokki sem hefur vottun til flugs í ísingarskilyrðum, sem hentar frábærlega við íslenskar aðstæður.

DA-42NG er útbúin sýndarveruleikakerfi (Synthetic Vision System) sem gerir flugmanni kleift að sjá þrívíddarmynd af umhverfinu á skjánum.



Flugumferðarstjórn

Nám í flugumferðarstjórn er ákaflega krefjandi og skemmtilegt og undirbýr nemendur fyrir ábyrgðarmikið starf flugumferðarstjóra. Flugumferðarstjórar starfa í flugturnum og flugstjórnarmiðstöðvum og sjá þeir um aðskilnað á milli flugvéla með stöðugum samskiptum við flugmenn.

Námið er kennt í staðnámi og skiptist í grunnám (Basic Course) og framhaldsnám sem veitir sérstaka áritun í nemaskírteini. Þá sækja nemendur um skírteini hjá Flugmálastjórn og síðan um starf flugumferðarstjóra. Alls tekur grunnám flugumferðarstjóra sex mánuði og skiptist það í bóklegt og verklegt nám. Keilir tók nýverið í notkun nýjan flugumferðarstjórnarhermi (ATC Simulator) til verklegrar þjálfunar nemenda og er tilkoma þessa nýja búnaðar gjörbylting á öllu fyrirkomulagi verklega hluta námsins.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi sem veitir þeim aðgang í háskóla. Námið er lánshæft hjá LÍN.



Flugþjónustunám

Nám í flugþjónustu er afar lifandi og skemmtilegt og miðar að því að gera nemendur tilbúna til spennandi starfa í háloftunum víðs vegar um heiminn. Nú þegar hafa útskrifaðir flugþjónar frá Keili verið ráðnir til starfa hjá flugfélögum bæði erlendis og hérlendis.

Keilir er eini skólinn á Íslandi sem hefur leyfi frá Flugmálastjórn Íslands til þess að útskrifa nemendur með skírteini til viðurkenningar á grunnþjálfun, Initial Safety Training Attestation for Cabin Crew. Þetta skírteini gerir handhöfum þess kleift að nýta þjálfun sína hjá hvaða flugfélagi sem er innan Evrópu og jafnframt hefur sýnt sig, að þjálfunin kemur einnig þeim til góða sem sækjast eftir störfum í öðrum heimshlutum.

Námið er kennt á tveimur önnum í staðnámi hjá Keili og veitir 60 einingar sem nemendur geta nýtt sem kjörsvið til stúdentsprófs til allt að 20 eininga. Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri og hafa lokið 70 einingum í framhaldsskóla. Námið er láns hæft hjá LÍN.

Flugumsjónarmannsnám

Flugakademía Keilis býður upp á viðurkennt þjálfunarnám-skeið fyrir flugumsjónarmenn sem lýkur með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn Íslands.

Flugumsjónarmaður starfar við undirbúning flugs hjá flugrekendum og gegnir þar afar mikilvægu starfi við að tryggja hagkvæmni og öryggi flugs. Hlutverk hans er meðal annars að útbúa allar flugáætlanir og fara yfir veðurskeyti og tilkynningar fyrir áætluð flug.

Nánari upplýsingar eru að finna á:

www.keilir.net/flug

„Ég ákvað að fara í flugþjónustuna hjá Keili að loknu stúdentsprófi þar sem flugheimurinn hefur alltaf tíð heillað mig og ég sé svo sannarlega ekki eftir því. Námið er afar fjölbreytt og leggur áherslu á þætti sem munu ekki einungis nýtast mér í framtíðinni í fluginu heldur veit ég að það mun koma að góðum notum á öðrum sviðum. Ég mæli hiklaust með þessu fyrir þá sem langar í fjölbreytt og skemmtilegt nám með persónulegri kennslu.“

Lovísa Jónsdóttir, nemandi á Flugþjónustubraut 2009 - 2010

„Námið er mjög áhugavert, krefjandi og skemmtilegt. Þegar ég útskrifast í vor fæ ég réttindi sem gilda í Evrópu og hef ég því forskot á aðra, sem er gríðarlegur kostur. Ég er utan af landi og ákvað ég því að prufa að búa á Ásbrú. Aðstaðan hérna er frábær, stutt í skólann, stutt í bæinn, ódýr leiga og margt fleira. Ég hvet fólk sem hefur áhuga á að ferðast og á flugþjónustu, eða vilja styrkja sjálfsöryggi sitt, að sækja hiklaust um. Þetta er nám fyrir alla!

Friðgeir Gunnarsson, nemandi á Flugþjónustubraut 2010 - 2011



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs